

Örnefnaskrá

Skagafjarðarsýsla

Skefilsstaðahreppur

S E L N E S á S k a g a .

Skrásetjari ; Rósmundur G. Ingvarsson, f. 6. 08. 1930.

Heimildir og heimildarmenn :

Jarða- og búendatal Skagafjarðarsýslu 1781 - 1949.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalín

Sýslu- og sóknalýsingar II. Skagafjarðarsýsla.

Landamerkjaskrá fyrir Selnes, dags. 14. júní 1888.

Fundargjörð Nýbylanefndar Skagafjarðarsýslu , 1952.

Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar. Heimildarmaður Vigfús Magnússon.

Viðbótar- Örnefnaskrá , gerð í sept. 1976. Gísli Magnússon skráði eftir Árna Kristmundss.

Örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar. Heimildir; fyrri skrár, Sigríður Gunnarsd., Jón Skagan Fasteignamatsskýrslur frá 1849 og frá um 1930.

Skýrsla Fasteignamatsnefndar Skagafj.sýslu 1963 - 1964.

Fasteignaskrá Skagafjarðar 2001.

Afsal fyrir jörðinni Selnesi, 12. júní 1973, Jón N. Jónasson.

Landið þitt Ísland, 4. bindi .

Skjal um Selvik á Skaga. Fornar hafnir. (Ódagsett.)

Skjal frá Hj.P. dagsett 18. - 19. ágúst 1997.

Frásögur um fornaldarleifar 1817 - 1823, bls. 491 .

Tómas Tómasson. Um fiskveiðar í Skefilsst.hreppi 1842. Skagfirðingabók nr. 13.

Pórðar saga kakala .

Blaðið Feykir, 6. maí 1987 og 2. mars 1994.

Hreinn Guðjónsson , f. 7. 12. 1937, bóndi á Selá .

Daniel Brynjar Helgason, f. 11. 04. 1957, eigandi hluta Selness, bús. Grundarstíg 5 S.króki

Björn Vigfússon, f. 5. 07. 1959, eigandi hluta Selness og sumarhúss.

Búi Vilhjálmsson frá Hvalnesi, f. 9. 01. 1934. Forsæti 6 a Sauðárkróki .

Ath. Feitletraðir kaflar eru jafnan teknir upp úr heimildum.

Hér er ætlunin , að taka saman í eina skrá sem mest af því sem til er skráð um viðkomandi jarðeign og fyrir hendi er. Fyrst og fremst eru það örnefni sem áhersla er lögð á og önnur nöfn sem gjarnan mega geymast, og svo er það annað sem heimildarmenn gefa upp og - eða kemur í ljós við skoðun. Síðan, að bæta við því sem heimildarmenn gefa upp og - eða kemur í ljós við skoðun. Athuga þarf, að sum nöfni koma fram á fleiri en einum stað í skránni og hafa því tvö eða fleiri númer. Þarf þá að skoða hvað um þau segir á báðum eða öllum þeim stöðum í skránni sem númerin vísa til (sjá Stafrófsröð örnefna.)

Þegar tekið er upp úr fleiri en einni heimild verður tæpast komist hjá einhverjum endurtekningum. En þegar lýsing á einum og sama stað kemur úr tveim heimildum, þá er þess að vænta að þær lýsingar bæti hvora aðra upp.

Eignin Selnes á Skaga .

Jörðin var eign biskupsstólsins á Hólum. Árið 1709 fylgdu jörðinni 4 kúgildi (24 ær), landsleigan 60 álnir. Hún var metin 1741 á 10 hundruð (120 álna). Þegar Hólastóls-jarðeignir voru seldar 1802, var eitt kúgildi á jörðinni og seldist jörðin og kúgildið 95 rbd. 64 sk. Árið 1861 var jörðin metin 14,2 hundruð (120 álna), árið 1922 metin á 60 hundruð

krónur, árið 1942 metin með húsum og mannvirkjum 50 hundruð krónur, þar af land með afgjaldskvöö metið 2 hundruð krónur. Um aldamótin 1900 var rekin sjávarútgerð frá landi jarðarinnar að Selvík og var þar einnig fisktökustaður Skagamanna . -- Með lögum frá alþingi staðfestum 27. nóvember 1903, var löggtur verslunarstaður að Selvík. Eigandi og ábúandi jarðarinnar var Gunnar Eggertsson bóndi og útgerðarmaður, nr. 19 . Að honum látnum seldi ekkja hans, Ástríður Jónsdóttir. Kaupendur jarðarinnar voru bræðurnir Páll í Jónasson bóndi í Hróarsdal, Sigurður bóndi sama stað og Jón Normann Jónasson kennari í Reykjavík .
 (Jarða- og búendatal Skagafj. sýslu 1781 - 1949.)

Hér komu fram nöfnin ; Selvík (1), Fisktökustaður (2), Verslunarstaður (3) .

Nokkrir síðari ábúendur.

Sveinn Ólafsson og Þórunn Tómasdóttir	1872 - 1879	Fluttu búferlum að Ketu
Magnús Björnsson og Ingibjörg Vigfúsdóttir	1878 - 1899	M. dó 28. febr. 1899
Sigurður Ólafsson og Ingibjörg O. Frímannsd.	1879 - 1880	S. drukknaði 8. nóv. 1879
Þorsteinn Jóhannsson og Ingiríður Benónýsd	1880 - 1888	Fluttu til Vesturheims.
Ólafur Grímsson og Lilja Kristjánsdóttir	1888 - 1906	L. dó 1905. Ólafur brá búi.
Ingibjörg Vigfúsdóttir, ekkja	1899 - 1905	Brá búi. Kyrr í húsmennsku
Gunnar Eggertsson og Ástríður Jónsdóttir	1905 - 1921	Br. búi. Fóru að Hafragili
Árni Rögnvaldsson og Margrét Jónsdóttir	1921 - 1923	Br. búi. F. til Sauðárkróks
Gunnar Eggertsson og Ástríður Jónsdóttir	1923 - 1935	Br. búi, en voru kyrr s.st.
Þorsteinn Gíslason , ekkjum.	1923 - 1924	Brá búi. Fór að Gauksstöðum.
Ari Einarsson og fél. Margrét Björnsdóttir	1935 - 1937	F. búf. að Hvammkoti
Gunnar Eggertsson og Ástríður Jónsdóttir	1938 - 1939	Br. búi, en voru áfram s.st.
Steingrímur Jóhannesson og Kristín Þorsteinsd,	1938 - 1941	F. búf. að Ytra-Mallandi
Guðjón Jónsson og fél. Ísold Steingrímsdóttir	1939 - 1941	V. þar í húsm, síðan á Y-Mall.
Gunnar Eggertsson og Ástríður Jónsdóttir	1941 - 1943	Gunnar dó 21. júní 1942
Jón Normann Jónasson , ókv. Fyrst á sumrin	1943 - 1976	Jón dó 24. sept. 1976
Jörðin í eyði	1976 -	

Jörðinni Selnesi lýst árið 1709

Selnes . Jarðardýrleiki óviss, en jörðin tíundast ásamt öðrum stólsins jörðum ut supra.

Eigandi biskupsstóllinn Hólar. Ábúandi Guðmundur Sigurðsson .

Landskuld 60 álnir, betalast í landaurum, áður í fiski ut supra .

Leigukúgildi 3½ . Leigur betalast í smjöri hér heima eður innanhrepps ut supra.

Kvaðir öngvar.

Kvikfé 2 kýr, 1 kvíga veturgöm, 30 ær, 1 sauður veturgamall, 16 lömb, 2 hross, 1 fyl .

Fóðrast kann 1 kýr, það sem meira er af nautum framfærist á heyjum af nálægum eyðijörðum, sauðfé vogað einungis á útigang, hestum burt komið ut supra.

Afrétt engin ut supra.

Torfrista og stunga næg. Móskurður til eldiviðar meinast vera , brúkast ei.

Hrísrif og lyngrif lítið ut supra. Grasatekja lítl .

Selviði hefur áður góð verið og ennnú gagnvæn, þegar vel er að sókt .

Rekavon er góð og nýtur ábúandi af rekanum sem lög leyfa ut supra.

Túninu grandar grjóts uppgangur.

Engjar öngvar, nema það lítið sem hent er úr brokflóum ut supra.

Kirkjuvegur langur og torsóktur, einkanlega að Hvammi, og því sækir fólkid oftar að Ketu.

Bænum þykir mönnum haett fyrir vatnsuppgangi stórkostlegum í baðstofunni, so hana nærrí fyllir í vatnagangi sé ei við ausið .

Heimræði er hér og lending góð og hafa hér gengið skip ábúanda og nú eitt. Fleiri skip mega hér ekki ganga, því skipsuppsátur er ekki nema eitt .

Girðingar eru hér í landinu suður á nesinu, sem munnmæli segja að Selnesbær hafi að fornust staðið, en ekki vita menn framar hér um að undirréttu. Ekki má þar byggð setja fyrir heyskapar og vatnsleysi, og geta menn til að þetta vatnsleysi hafi orsakað það, að bærinn hafi fluttur verið.

(Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín.)

Þarna var nefnt ; Kirkjuvegur (4), Heimræði (5), Lending (6), Skipsuppsátur (7), Girðingar (8) og Selnesbær (9)(forn).

Stólsjörðin seld árið 1802.

Selnes : Dýrleiki 10 hundruð, landskuld 80 álnir, kúgildi 1 . Björn Arngrímsson, bóndi þar 1800 - 1814, keypti jörðina á 82 rd. og kúgildið á 7 rd. 64 sk. Fyrsta greiðsla 1803, 19 rd. 64 sk. Lokagreiðsla 1812 41 rd. 58 sk. Árið 1805 er landskuld 2 rd. 25 sk.. Ábúendur 1842 - 1852 voru Jóhann Þorkelsson og Ingibjörg Björnsdóttir og áttu þau jörðina .

(Sala Hólastólsjarða 1802. Skagfirðingabók nr. 5 .)

Úr sóknalýsingum 1839.

Selnes , 10 hundruð, utar og austar (en Selá) , rétt við sjó, utan undir Selnesnesi við Fúluvík, lítið lengra á milli bæja. Landkostir litlir, nema nokkur reki .

— Allir bærir á Skaga eiga selstöður uppí Skagahéði, en engin af þeim er nú notuð og hafa ekki verið síðan í Brunaharðindunum 1784 eða um það leyti , þá peningur fækkaði hér. Eitt af þeim er Fossel vestan undir Bjarnarfelli, sem nýlega er byggt. ——

— Messur ; Á sumrum er messað í Hvammi 2/3 , en í Ketu 1/3 , en á vetrum í Hvammi ½ og Ketu ¼ . ——. (Sýslu- og sóknalýsingar II. Hvamms og Ketusóknir.)

Hér komu fram nöfnin ; Selnesnes (10) og Fúluvík (11).

Jörðinni lýst árið 1849.

Selnes , bónðaeign, 10 hundruð að fornugildi. Hefur tún hér um bil 6 dagsláttur, allt þýft og grýtt, fóðrar til jafnaðar 1 kú og 12 lömb . Engi fremur lítið og ógrasgefið, liggur ekki mjög langt frá bænum. Sumarhagar lélegir, en vetrarbeit sæmileg og landið yfirhöfuð lítið og hægt. Torfrista mjög léleg , en mótag allgott . Til hlunninda telst nokkur trjáreki, góð lending og skipuppsátur, sem hæfilega virðist metið á 1 5/6 hundruð. Jörðin þykir hæfilega sett í meðalári með 1 kú, 24 ám, 36 sauðum og 12 lömbum, er að meðtöldum hlunnindum samgildir 10 hundr.

(Þetta mat mun vera gert af sýslumanni, Lárusi Thorarensen, og matsmönnum viðk. hrepps.)

Jarðarmat frá um 1930.

Selnes : Eigandi og ábúandi Gunnar Eggertsson .

Tún 2,6 ha. að stærð. grasgefið, í góðri rækt , um 2/3 slétt. Girt með gamalli vírgirðingu. Töðufall 150 hestar í meðalári .

Engjar ósamfelldar. Sumstaðar grasgefið. Eru stutt frá, mór og grundir, greiðsærar. Þurrar. Góður heimflutningur af miklum hluta. Meðalheyskapur 180 hestar. Mögulegur heyskapur í meðalári 2- 300 hestar.

Beitilandið ; gott fyrir allar skepnur, bæði sumar og vetur, snjólétt og skjólasamt. Smalamennska mjög hæg . Fjörubeit ágaet.

Jörðin á rétt til uppreksturs í afrétt, sem er sveitareign .

Meðaláhöfn síðustu 5 ára : 1 kýr, 100 fjár, 9 hross. Fólksþörf ; 2 manneskjur.

Möguleg áhöfn eins og jörðin er nú : 3 kýr, 160 ær. Fólks- og hestapörf 4 m. 4-5 hross.

Ásetningur : kýr 40 hestar, ær 1,5 hestar, hross 5 hestar (af heyi) .

Gott mótag, torfrista og stunga léleg , steypuefni gott og nærri. Reki talsverður.

Vatnsból : Brunnur nærri bæ .

Ræktunarmöguleikar : Gott til útgræðslu túns. Landamerki ágreiningslaus .

Hlunnindamat ; Silungsveiði 11 kr. árlega, Uppsátur og grunnl. 85 kr. og reki 100 kr. árl.

Samgöngur : Nokkuð langt til kauptúns. Stendur fast við sjó, og því gott til sjóflutn. Góð lending. Löggilt höfn, viðkoma flóabáts.

Húsamat : Torsbær gamall

kr. 500,00

Geymsluhús

--- 200,00

Fjós fyrir 4 kyr, hesthús fyrir 19 hesta, Fjárhús fyrir 200 fjár, allt torfhús

--- 400,00

Hlaða 160 m³., torfhús

--- 300,00

Samtals

--- 1400,00

Landverð

kr. 7900,00

Allt mat jarðarinnar með húsum

Kr.

9.300,00

Hús, sem byggð eru á jörðinni, en virt öðrum ; 2 skúrar, 1 þurrabúð.

Góðir ræktunarmöguleikar lagðir á móti legu-ókostanna.

Síðasta fasteignamat var 60 hundruð. Jörðin er í sjálfsábúð.

(Skýrslan er ódagsett, en undirrituð af ; Konráðsson , Pálsson og Davíðsson .)

Purrabúð á Selnesi : Eigendur; Anna Jónasdóttir og Jón G. Jónsson.

Lóðareigandi ; Gunnar Eggertsson Selnesi, stærð lóðar ómæld. Notuð til umferðar og hússtæða. Leigulóð.

Stærð húss 7x3x4 alnir og 5x6x4 al. Húsið úr torfi og timbri. Virt á kr. 400,00 .

Fiskhús á Selnesi : Eigandi Árni Kristinsson á Hóli. Eigandi lóðar Gunnar Eggertsson.

Lóðin ómæld, notuð til umferðar og húss-stæðis. Leigulóð. Ekkert íbúðarhús.

Húsið timburhús með pappaþaki , 6x5x4 al. Virt á kr. 300,00.

(Sömu undirskriftir og á aðalskýrslunni og engin dagsetning .)

Í þessum kafla koma fram nöfnin; Brunnur (12), Uppsátur (13), Purrabúð (14), Fiskhús (15)

Skýrsla Fasteignamatsnefndar 1963 .

Selnes : Eigendur Jón N. Jónasson, Selnesi og Sigurður Jónasson, Hróarsdal .

Endurbyggð eyðijörð.

Tún 1. jan. 1964 2,66 ha. vélslægt. (3. fl.)

Jarðegur túnsins grunnur og sendinn, gróður þéttur, góð taða. Girt. Engjar engar vélslægar. Matjurtagarðar til heimilis. Beitiland allviðlent og gott. Fjörubeit góð. Afrétt Skagaheiði.

Hlunnindi ; Trjáreki góður í rekaárum, metinn kr. 3000,00, silungur kr. 1000,00 .

Íbúðarhús; 75 m²., byggt 1960, ein hæð og ris. Útveggir steyptir, einangraðir með torfi, loft steypt, húsið múrhúðað utan og innan. Þak aluminium klætt. Gólf og skilrúm steypt Ekkert rafmagn. Hitun frá kolakyntri miðstöð. Herbergi 3 + eldhús og bún á hæðinni. Bað. Ris notað til geymslu, má nota til íbúðar. Vatnsleiðsla sjálfrennandi og skólpleiðsla.

Fjós fyrir 3 gripi, gamalt torfhús.

Fjárhús fyrir 30 kindur, gamalt torfhús.

Tvær torfhlöður, gamlar og lélegar.

Skúr úr timbri og asbestos, með járnþaki . Stærð 25 m².

Áhófn : 1 kyr, 32 kindur .

Vegalengd til Sauðárkróks 38 km. Samgöngur fremur slæmar, mikið ruddur vegur.

Ræktunarmöguleikar miklir, ca. 25 - 30 ha. á Selnesinu.

Rafmagn ekkert. Sími um Skefilsstaði .

Aðstaða til öflunar neysluvatns : Erfitt að leiða vatnið, getur þrotið

Jörðin er þæg bújörð, sénaðarferð litil.

Hálf jörðin var seld 1957, söluverð kr. 50.000,00 .
 (Flestum matstöllum sleppt hér. Skyrslan dags. 27. 06. 1963 og undirrituð af þrem mönnum.)

Úr Fasteignaskrá 2001.

Selnes 145908 . Eigendur : Daniel Brynjar Helgason, 42,8571 %, Björn Vigfússon
 42,8571% og Lilja Sigurðardóttir 14,2858 % .

Ræktað land 4,8 ha.

Reki .

Lax- og silungsveiði .

Einbýli 157 m2., byggt 1960, steypt. Eigandi Daniel Brynjar Helgason .

Skúr 23,4 m2., byggður 1929, timbur.

(Fasteignaskrá sv.fél. Skagafjarðar, 2001.)

Útlínur landareignar Selness.

Landamerkjaskrá fyrir Selnesi .

Að austan ræður sjóarströndin frá syðsta Borgarlækjarhesti , sem er sker skammt frá landi, til Selárós. Þaðan ræður Selá í Svartabakkahyl í Selá suður undan hinum fornu seltóftum. Þaðan yfir Móholttaglið, þaðan sunnanvert við heygarð í Hjallaflóa , þaðan í stóran stein í Reiðholti , þaðan í stein á Kýrlækjarhól , þaðan í vörðu á Tjarnarholti , þaðan í vörðu niður á brún , þaðan sunnan til við syðsta Borgarlækjarhest, sem fyrr er nefndur.

Skiðastöðum 14. júní 1888. Hjörtur Hjálmarsson

Þorsteinn Jóhannsson.

Landamerkjaskrá þessari erum við undirskrifaðir eigandi og umboðsmaður að Borgarlæk að öllu samþykkir . Ólafur Sigurðsson . S. Gunnarsson .

Þinglýst á manntalsþingi að Skefilsstöðum 18. júní 1888, og ritao í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu , vottar Jóhannes Ólafsson .

Hér í landamerkjabréfinu koma fram nöfnin; Borgarlækjarhestur (16), Selárós (17), Selá (18) , Svartabakkahylur (19), Seltóftir (20), Móholttagl (21), Hjallaflói (22), Reiðholt (23), Kýrlækjarhóll (24), Varða (25), Tjarnarholt (26), Varða (27).

Eyðijörð aftur í byggð.

Nýbýlanefnd Skagafjarðar hefur, á funfi á Hólum árið 1952, fjallað um umsókn frá Jóni Normann Jónassyni um fyrirgreiðslu vegna endurbyggingar jarðarinnar Selness . Í fundargerð segir : Jón Normann keypti eyðibýlið Selnes fyrir 10 árum. Það hafði þá verið tæpt ár í eyði. Síðan hefur ekkert verið búið á jörðinni og hún lítið nytjuð.

Jón Normann hefur byrjað á byggingu íbúðarhúss úr steinsteypu og lagt í það 150 m. langa vatnsleiðslu. Skilyrði til búskapar eru ágæt á Selnesi. Mikil ræktunarskilyrði, og hlunnindi s. s. trjáreki, hrognkelsa- og silungsveiði og góð lendingarskilyrði fyrir smábáta, sem róa má til fiskmiða. Ákjósanleg skilyrði eru á Selnesi til sauðfjárræktar sökum fjörubeitar.

Nýbýlanefndin mælti eindregið með, að býlið yrði tekið í tölu nýbýla .
 (Gjörðabók Nýbýlanefndar Skagafjarðarsýslu .)

Úr landamerkjaskrá Borgarlækjar.

Að austan ræður sjóarströndin frá merkjaþúfu á bakkanum utan til við Rauðalæk rétt suður fyrir syðsta Borgarlækjarhest , sem er skammt frá landi, hvar setja skal merki við sjóinn . Þaðan í vörðu sem hlaða skal uppi á brúninni , þaðan í vörðu, sem hlaða skal á

Tjarnarholti. Þaðan í Stein á Kýrlækjarkhl. Þaðan í stóran Stein á Reiðholti. Þaðan sunnanvert við heygarð í Hjallaflóa, hvar setja skal merki. Þaðan yfir Móholtstaglið í Svartabakkahyl í Selá, suður undan hinum fornu seltóftum.

Hér koma fram nöfn, sem Selnes er meðeigandi að : Vörður (28) tvær, Tjarnarholt (29), Kýrlækjarkhl (30), Reiðholt (31), Hjallaflói (32), Móholtstagl (33), Svartabakkahylur (34), Selá (35), Seltóftir (36).

Saga og sérkenni.

Selvík Skag. Vík á austanverðum Skaga og helsti lendingarstaður á Skaganum. Frá Selvík var fyrrum útræði og á Selnesi, norðan víkurinnar, sést vel móta fyrir gömlum verbúðum. Þar er og svokallað Þýskaleiði og bendir nafnið til siglinga þýskra kaupmanna þangað. Um síðustu aldamót (þ.e. aldamótin 1900) höfðu kaupmenn frá Sauðárkróki verslun þar og mikla fiskverkun. Voru þá ráðagerðir uppi um að gera Selvík að aðal-útflutningsstöð fyrir lifandi pening norðanlands.

Frá Selnesi bjó Kolbeinn ungi Arnórsson flota sinn, mannaðan 400 vopnuðum mönnum, og lagði þaðan út á Jónsmessukvöldi árið 1244. Hugðist hann sigla til Vestfjarða til að berjast við fjandmann sinn, Þórð kakala. En Þórður var þá á leið austur yfir Húnaflóa og mættust liðin þar á flóanum. Var háð þar eina sjóorrustan í sögu Íslands. Lið Kolbeins sigræði í orrustunni.

Á Selnesi er samnefndur bær. Þar bjó Jón Normann Jónasson (1898 - 1976), kunnur fræðimaður. Meðal annars flutti hann fyrirlestur við Harvardháskóla í Bandarískjunum og hafa ekki aðrir íslenskir bændur gert slikt. (Landið þitt Ísland, 4. bindi bls. 49.)

Hér eru nefnd ; Selvík (37), Lendingarstaður (38), Verbúðir (39), Þýskaleiði (40), Verslun (41), Fiskverkun (42).

Fyrri örnefnaskrár.

Þegar byrjað er á að setja þessa skrá saman, í byrjun mars 2008, liggja fyrir þjár eldri örnefnaskrár fyrir Selnes, sem er meira en viðast annarsstaðar. Sú þeirra sem efalaust er elst, er komin frá Margeiri Jónssyni á Ögmundarstöðum. Aftan við þá skrá eru nokkrir viðaukar til skýringar, eins og er við flestar eða allar örnefnaskrár Margeirs. Á ljósriti því sem hér liggur fyrir sést ekki getið heimildarmanns og ekki dagsetning, en flestar skrár Margeirs eru frá árinu 1934 og nokkrar frá næstu árum þar við. Á skránni eru 31 númeruð örnefni. Í viðauka við örnefnaskrá M.J. fyrir Hvalnes, kemur fram; að heimildarmaður að örnefnaskrá Selness er Vigfús Magnússon, þá á Sauðárkróki.

Næsta skrá eru athugasemdir við fyrri örnefnaskrá, skrifuð eftir frásögn Árna Kristmundssonar eða einhvers Árna. Á þeirri skrá eru 5 númeruð nöfn. Skrásetjari ; Gísli Magnússon.

Þriðja skráin er skrifuð af Kristjáni Eiríkssyni, í september 1976. Getið er heimilda, sem eru báðar fyrrnefndar skrár svo og Sigríður Gunnarsdóttir frá Selnesi og maður hennar séra Jón Skagan. Á þeirri örnefnaskrá eru 48 númeruð nöfn og þar í liklega öll nöfnin af hinum skránum.

Hér á eftir verða allar þessar fyrilliggjandi örnefnaskrár teknar inn á þessa, eins og gert er um önnur býli. Síðan er ætlunin að bera þessa skrá undir einhverja sem kunnugir eru á svæðinu, í þeirri von að þeir bæti einhverju við. Þó svo að flest örnefni hafi komist inn á fyrrnefndar skrár, þá er orðið all-langt síðan þær voru gerðar og mjög miklar breytingar orðið á þeim tíma.

Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar.

Selnes : Selá (43) ræður merkjum milli Selár og Selness. Áin kemur úr Selvatni og fleiri vötnum vestur í Skagaheiði.

Klifhyammur (44) er við sjóinn, suður við merkin. Norður hvamminn liggur svonefnd Klifgata (45), en norðan við hvamminn er grýttur melbratti, sem heitir Klif (46).

Arnarklettur (47) heitir lágor klettur vestur undan suðurenda Klifhvamms. Í ungdæmi heimildarmanns þessarar lýsingar sást stundum sitja örн á klettinum ; af því er nafnið.

Selneshvammar (48) liggja upp með Selá, og er þar slægjuland frá Selnesi . Vestur af Selneshvömmum er Hornbrekka (49). Þar er bithagi góður. Krókar (50) eru ofan við Hornbrekku ; þar er engi , og nafnið líklega af ákrókunum, sem eru margir á þeim stað.

Selmór (51) er upp af Krókum, og nær hann yfir þvert Selnesland. Þar eru selrústir, en þær hafa ekkert sérstakt nafn. Steinsengi (52) er vestur af Selmó, og er þá komið vestast í landsreign Selness. Þar eru formar selrústir. Selnesland dregst til odda, þegar vestar kemur, og er það breiðast um austurhlutann. Hrísholt (53) er norður af Krókum og nær norður að ytri merkjum. Það er hrísi vaxið og ágætt beitiland. Austan við Hrísholt er Kýrlækjarflói (54), og nær hann að svonefndu Álftavatni (55). Enginn lækur fellur um flóann, að undanteknum keldudrögum, en Kýrlækjarholt (56) er þó hæð dálítil í miðjum flóanum . Álftavatn nær næstum út að merkjum.

Munnumælasaga segir, að á Borgarlæk hafi fyrst byggt kona sú , er Brók hét. Vildi hún veiða silung í vatninu (Álftavatni), en bóndinn á Selnesi harðbannaði slíkt. Kerling reiddist þessu mjög og mælti svo um, að í vatni þessu skyldi aldrei veiðast silungur, og rættist það, því að þar eru eintóm hornsíli. En talið er, að vatnið botnfrjósí í miklum frostum .

Brókarlækur (57) kallast lækur, sem rennur úr vatninu og í honum eru smá-bröndur. Hann rennur norður í Borgarlækjarland og niður gegnum túnið þar og svo í sjó. Sund (58) heita mýradrög neðan við vatnið, og Álftavatnsholt (59) er meðfram vatninu að austan. Á þessum sundum eru ýmsir blettir, sem kallast sérstökum nöfnum. Þar er einstakt holt, sem kallast Einbúi (60), og Einbúasund (61) er meðfram holtinu. Kringlumýri (62) er syðst á Sundunum. Bjargamýri (63) er neðst á Sundunum og liggur hún fram á Björgin (64), sem svo eru venjulega nefnd, en heita Selnesbjörg (65); eru þau vestan við bæinn .

Austan við Björgin tekur við Selnessnes (66), sem fyrst hefur líklega heitið Selnes. Nær það austur í sjóinn, og myndast víkur inn í það beggja megin. Sunnan í það skerst Selvík (67), sem nú er löggilt höfn (verslunarstaður). Þar er besta höfn á Skaga. Norðan í nesið gengur Fúlavík (68). Þar er besta rekaþjara í Selness-landi. Austast á nesinu kallast Hvarf (69), og dregur þar í hvilst. Þar í nánd eru tóftaleifar, sem fyrrum kölluðust Naust (70). Þar hefur lending verið.

Í Fúlavík rak hval um 1890. Selnessbær stóð áður norðvestan við Fúluvík, og kallast hann Gamlibær (71). Núverandi (þ.e. þegar örnefnaskráin var skrifuð) ábúandi á Selnesi, Gunnar Eggertsson, byggði upp og setti bæinn þar sem hann er nú, sunnar á nesinu. Norðvestur frá Gamla-bæ er Miðaftanshæð (72). Var þar haldinn miður aftan frá bænum séð, þegar sól bar yfir hæðina. Norður undir Selnessmerkjum kallast við sjóinn Hrafnabás (73). Eru þá sögð flestöll örnefni í Selnesslandi . (Hér lýkur aðal- örnefnaskrá Margeirs.)

Viðaukar Margeirs Jónssonar .

1. Upprunalegra nafn er Selsnes (74), sbr. Ráðsmannsreikninga Hölastóls frá 1388, frumrit á skinni (DI III, 412) Í sama frumriti nefnist áin Selsá. Af því að nöfn þessi eru mjög forn, munu þau eiga rót að rekja til sela, sem legið hafa við nesið eða sést á því. Selin voru aftur á móti vestur í Heiði (75), langt frá sjó, og það er því fráleitt að Selsnes, sem er nærrí sjónum, væri kennt við það. Allar yngri heimildir hafa Selnes, og samkvæmt málvenju nú virðist rétt að halda því nafni, enda breytingin litil, aðeins brottfall eignarfalls.
2. Varðandi Selrústir (76) sem hafa ekkert sérstakt nafn. Þar hefur vafalaust selstaða verið á einhverri öld, enda er þetta vestur í Heiði .
3. Varðandi nafnið Selnessnes (77). Vitanlega hefur nesið fengið nafnið Selnes (78) upphaflega, en þegar bærinn var byggður og samnefndur nesinu, er síðar farið að kenna það við bæjar-nafnið, og þá kemur Selnessnes.

4. Þegar Olavíus ferðaðist hér á landi (um 1779) voru honum sögð þau munnmæli, að Þjóðverjar hefðu fyrrum sigt á Selvík og haft þar fastan verslunarstað. Þá sáust þar rústir af 9 húsum (verslunarhúsum), og þar í námd var grafreitur, sem kallaðist Þjóðverjaleiði (79). Stóð á honum trékross, sem var öðru hvoru endurnýjaður.
5. Heimildarmaður þessarar lýsingar segir, að Naustin (80) muni hafa verið eingöngu hlaðin úr grjóti. Þar sem ekki var völ á nægilegu grjóti, mun torf hafa verið notað. Naustin voru hlaðin til að skipin fykju eigi.
6. Varðandi ábúanda á Selnesi þegar örnefnaskráin var gerð : B.e. 1932.
7. Varðandi Gamla bæ (81): Svo er að sjá, að bærinn hafi áður verið færður, því að Á.M. skrifar í Jbók sinni : "Girðingar eru hér í landinu suður á nesinu, sem munnmæli segja, að Selnesbær hafi að fornu staðið. (Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar.)

Viðbótarskrá Gísla Magnússonar.

Selnes. Selneslýsing er að sögn Árna mjög góð og fá nöfn, sem vantar. Er helst , að lýsingar einstakra örnefna mættu vera gleggri.

Niður í Selvikinni er dálitill klettur fram í sjóinn, eins og bryggja. Inn af þessum kletti er boði, sem kemur upp úr á fjöru. Á milli boðans og klettsins er grunnt sund, sem heitir Músasund (82), og er hægt að fara um það á litlum bát, ef sjó - (svo í heimildinni). Austast á Selnesinu er hóll , nokkuð stór um sig . Heitir Höfði (83). Miðaftanshæð eru klettar niður undir sjó. Björgin liggja í suður og norður og liggur vegurinn upp skarð á milli þeirra og Miðaftanshæðar. Það skarð heitir Sneiðingar (84).

Þegar Höfðann bar í klett á Björgunum, rétt sunnan við Sneiðinga, var komið út á mið, sem heitir Hjallur (85), og var talað um að róa á Hjallinn. Hvarf er sunnan og austan við Höfða .

Uppi á Selnestúni eru klappir. Í skjóli þeirra voru áður verbúðir, tvær eða þrjár, kallaðar Flórhús (86). Þá eru þau nöfn talin, sem Árni man .

Krókar. Landslagið er líkast krókum ; melað og sund á milli. Áltavatnsholt vill Árni kalla Álfavatnsás (87). Hann er langur og liggur vegurinn estir honum. Þar neðan við er Sundið. Einbúi liggur suður undir Selána, vestan við sund, sem nær vestur undir Selneshvamm. Liggur vegurinn þar um hvammana. Árið 1973 var byggð skilarétt úr timbri sunnan við Einbúann. Kringlumýri er lítil, og liggur út á merki. Þar eru tvær smáttjarnir. Bjargamýri er sunnan við Kringlumýri.

Af Álfavatnsás sést yfir allt Selnesland og einnig land Borgarlækjar nema rétt vestast. Árni telur að Álfavatn nái út í land Borgarlækjar.

(Þessi skrá mun vera skrifuð eftir frásögn Árna Kristmundssonar, síðast bóna í Hvammkoti.)

Örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar.

Selnes : Lýsing þessi er gerð í september 1976. Heimildir að henni eru lýsing Margeirs Jónssonar og athugasemdir Árna Kristmundssonar skráðar af Gísla Magnússyni. Heimildir þessar voru bornar undir Sigríði Gunnarsdóttur 7. september 1976. Sigríður er fædd 27. 01. 1900 á Sævarlandi á Laxárdal. Sumarið 1903 kaupir faðir hennar, Gunnar Eggertsson, Selnes og flytur þangað. Sigríður er uppalin á Selnesi til 1918.

Sigríður gerði nokkrar athugasemdir við fyrrgreindar heimildir og bætti ýmsu við og einnig maður hennar, séra Jón Skagan .

Sá kostur var valinn að endursemja lýsingu Margeirs og fella inn í hana athugasemdir og viðbætur, en í lýsingu hans voru góðir bjórar, sem hér eru látnir halda sér óbreyttir.

Lýsinguna gerði Kristján Eiríksson .

Selá (88) raeður merkjum milli Selár og Selness. Áin kemur úr Selvatni o.fl. vötnum vestur í Skagaheiði . Klifhyammur (89) er við sjóinn, suður við merkin, litill hvammur,

gróinn. Norðan hans er grýttur melbratti, sem heitir Klif (90) - einnig nefnd Klisgata (91). Við Klifið þrýtur undirlendið við sjóinn til suðurs og við taka standbakkar með sjónum, en urðarklettar hið esra. Klifið liggur upp urðarklettana, sem nefndir eru Björg (92) eða Efri-Björg (93) til aðgreiningar frá standbhökkunum við sjóinn, sem á stundum eru kallaðir Neðri-Björg (94). Tunga er á milli Neðri- og Efri-Bjarga til suðurs og endar í Klifinu. Arnarklettur (95) heitir lágor klettur vestur undan suðurenda Klifhvamms.

Heimildarmaður Margeirs getur þess, að í ungdæmi sínu hafi stundum sést örni sitja á klettinum og af því sé nafnið dregið. Ekki kannast Sigriður við Arnarklett.

Selneshyammar (96) liggja upp með Selá og að henni. Eru þeir slægjuland frá Selnesi. Vestur af þeim er Hornbrekka (97), efst og austast í horni, sem gengur fram í ána. Þar er bithagi góður. Krókar (98) er engjaspilda ofan Hornbrekku. Landslagið er líkast krókum; mellar og sund á milli. Selmór (99) er upp af Krókum og nær hann yfir þvert Selnesland. Þar eru selrústir, en þær hafa ekkert sérstakt nafn. Steinsengi (100) er vestur af Selmó og er þá komið vestast í landareign Selness. Þar eru fornar selrústir. Stórir stakir steinar stóðu upp úr útjöörum Steinsengis. Er nafnið sennilega dregið af þeim.

Selnesland dregst til odda, þegar vestar kemur, og er það breiðast um austurhlutann.

Hrísholt (101) er norður af Krókum og nær norður að ytri merkjum. Það er hrísi vaxið og ágætt beitiland. Austan við Hrísholt er Kýrlækjarflói (102) og nær hann að svonesndu Álfavatni (103). Enginn lækur fellur um flóann, að undanteknum keldudrögum.

Kýrlækjarholt (104) er þó hæð dálítíl í miðjum flóanum. Álfavatn nær út í land Borgarlækjar (Á.K. og S.G.) Það er fremur lítið vatn og grunnt. Munnmælasaga segir, að á Borgarlæk hafi fyrst byggt kona sú er Brók hét, og bærinn við hana kenndur og nefndur Brókarlækur (um aldamótin síðustu var þó alltaf sagt Borgarlækur). Vildi Brók veiða silung í vatninu, en bóndinn á Selnesi harðbannaði slikt. Kerling reiddist þessu mjög og mælti svo um, að í vatni þessu skyldi aldrei veiðast silungur, og rættist það, því að þar eru eintóm hornsíli. Talið er að vatnið botnsfrjósi í miklum frostum.

Brókarlækur (105) kallast lækur sem rennur úr vatninu. Hann er í landi Borgarlækjar, og rennur niður í gegnum túnið þar og svo í sjó. Í honum eru smábröndur. Meðfram vatninu að austan liggur Álfavatnsás (106). Hann er langur og liggur vegurinn estir honum. Í lýsingu Margeirs er hann nefndur Álfavatnsholt (107). Sigriður þekkir bæði nöfnin, en telur ásheitið hafa verið algengara. Af Álfavatnsás sést yfir allt Selnesland og einnig land Borgarlækjar, nema rétt vestast.

Sund (108) heita myrradrög neðan við Álfavatnsás. Á þeim eru ýmsir blettir sem kallast sérstökum nöfnum. Einstakt holt, Einbúi (109) liggur suður undir Selá. Einbúasund (110) heitir austan hans. Það nær vestur undir Selneshamma. Þar um hvammana liggur vegurinn. Árið 1973 var byggð skilarétt úr timbri sunnan við Einbúann. Kringlumýri er yst á Sundunum. Hún er lítil og liggur út á merki. Þar eru tvær smátjarnir. Bjargamýri (111) er sunnan við Kringlumýri. Hún liggur fram á Björgin, sem fyrr hafa verið nefnd. Þau eru einnig kölluð Selnesbjörg (112) og liggja út og suður vestan bæjarins.

Austan við Björgin tekur við Selnessnes (113), sem fyrst hefur líklega heitið Selnes (114). Það nær austur í sjóinn og myndast víkur beggja megin. Sunnan þess er Selvik (115). Þegar Margeir gerir sína lýsingu er í Selvik löggilt höfn - verslunarstaður. Í henni er besta höfn á Skaga. Norðan nessins er Fúlavík (116). Af heimafólki var hún oft nefnd Fúlvík (117). Í henni er besta rekafjara í landi Selness. Þar rak hval um 1890.

Vestan við Selvik gengur eggmjótt klettarið í sjó fram. Rið þetta, sem er áfast landi, er dálítíl hrjónótt ofan. Það heitir Bríkin (118). Á stórstraumsfjöru mátti ganga framan við Bríkina. ? við Bríkuna taka Neðri-Björgin við og undir þeim er sandfjara alla leið inn að Selá.

Austan við Selvik er Grettistak (119), stór steinn á klettastalli, sem skagar fram í sjó. Tvö smá klettavík eru rétt framan við Grettistak. Annars er ægissandur í sjálfri víkinni og lent þar viðast hvar. Út af Grettistaki er boði og sést aðeins hatta fyrir honum á

stórstraumsfjöru. Þróngt sund verður milli hans og lands. Sundið heitir Músarsund (120) og er nokkuð djúpt. Í góðu veðri var sund þetta stundum farið á báti til að styttu sér leið.

Hér áður var mikið útræði úr Selvík. Höfðu þar lengi saltfiskmóttóku Lúðvík Popp á Sauðárkróki og Gránufélagsverslunin þar. Einnig hafði þar fiskmóttóku Valgarð Classen, kaupmaður á Sauðárkróki, en hann var hættur þegar Sigriður fór að munna eftir sér. Í Selvík komu menn viða að til sjóróðra og lögðu þeir upp hjá Popp eða Gránufélaginu. Ísfirðingar voru þarna á vertíð ár eftir ár og einnig getur Sigriður þriggja bræðra úr Eyjafirði, Jóns, Jóhanns og Þorsteins, sem kallaðir voru Ísfirðingar. Þeir og Ísfirðingarnir lögðu upp hjá Popp. Úr Selvík réru einnig formenn af Skaga. Þá gerðu Sauðkrækingar stundum út úr Selvík. - Gert var eingöngu út að summar- og haustlagi. Fiskur fór ekki að ganga á grunn fyrir norðan fyrr en í maí - júní. Stundum var róið fram yfir áramót, ef vel viðraði.

Sjóbúðirnar stóðu uppi á bakkanum, Classensskúr (121) stóð vestast. Hann var áður fisktöku-hús Valgarðs Classens, kaupmanns á Sauðárkróki. Síðar saltaði Sigtryggur á Hóli sinn fisk í nyrðri enda skúrsins. Í hinum endanum var íbúð og bjó þar Vigfús Magnússon, þegar Sigriður man eftir. Hann var þar allt árið. Skammt austan Classensskúrs var skúr Gunnars Eggertssonar, föður Sigriðar. Hann var eingöngu fisktökuhús. Næst austan hans var Gránufélagsskúrinn (122). Suðausturhluti hans var fisktökuhús, en í hinum enda hans var íbúð vermannanna.

Austan við Gránufélagsskúrinn var tvílyft hús, sem Popp átti. Það var stærsta húsið. Fiskmóttaka var niðri, en uppi svefnloft vermannana. Rétt austan við þetta hús átti Popp annað hús, minna. Var hús þetta fyrir fanggæzlu (svo í heimild) Ísfirðinganna og þar mótuðust þeir einnig. Auk þess voru í húsi þessu rúm fyrir fjóra menn. Hinir sváfu uppi á loftinu í stóra húsinu. Smá uppsprettu spratt út úr bakkanum upp af Selvík. Þar tóku vermann vatn sitt á sumrum.

Í Selvík (123) bjó Kolbeinn ungi flota sinn fyrir Flóabardaga. Sagnir herma að hann hafi grafið skurð þvert yfir nesið (þ.e. Selnessnes) til varnar gegn óvinum sínum. Sést skurður þessi eða merki hans enn í dag.

Austast á Selnesinu er Höfði (124), hóll, nokkuð stór um sig. Vestan við hann var smátjörn þegar Sigriður var að alast upp. Sunnan við Höfða dregur í hvilft. Þar heitir Hvarf (125). Í Hvarfinu ganga Fornubúðaklappir (126) í sjó fram. Við þær er mjög aðdjúpt. Fornubúðatættur (127) eru vestan til í Hvarfinu. (Ath. Fornubúðataettur munu vera það sama og Margeir nefnir Naust í lýsingu sinni. Hvorki Sigriður né Jón kannast við það heiti). Sagnir herma að þarna hafi Hansamenn haft bækistöð sína fyrr á oldum og hafi þeir lagt skipum sínum að klöppunum.

Sunnan á nesinu, þar sem það rís hæst, rétt ofan við Hvarfið, er svokallað Þýska leiði (128). Þar sér enn merki legstaðar, sem hlaðinn hesur verið upp af grjóti og torfi. Sagt er að þar hvíli þjóðverji frá dögum Hansakaupmanna. Suður af Þýska leiði skerst Þýskavör (129) inn í bakkann. Er þetta eini staðurinn á nesinu, sem ekki er gegnt með sjávarmálinu. Í Þýskuvör gat legjð eitt skip og er líklegt, að Hansamenn hafi leitað þangað í norðan og norðaustan veðrum. en í þeim áttum er mjög gott var í Þýskuvör.

Bærinn (eða bæirnir) á Selnesi stóð áður norðvestan við Fúluvík, og kallaðist hann Gamlabær (130). Gunnar Eggertsson byggði upp og setti bæinn þar sem hann er nú (þ.e. þegar lýsing M.J. er gerð), sunnar á nesinu. Áður en hann flutti þangað var tvíbýli á Selnesi. Voru bæirnir tveir og sund á milli þeirra. Bæ sinn nefndi Gunnar Grund (131), en það nafn lagðist fljótt af. Skammt fyrir neðan bæinn (þ.e. Grund) létt Gunnar grafa djúpan brunn. Hann þraut aldrei. Íbúðarhúsið, sem nú er, 1976, stendur á sama stað og bær Gunnars stóð á.

Norðvestur frá Gamlabæ er Miðaftanshæð (132), klettar niður undir sjó. Var þar haldinn miður aftann frá bænum séð, þegar sól bar yfir haðina. Vegurinn liggur um skarð á milli Miðaftanshæðar og Bjarganna. Heita þar Sneiðingar (133). Beint upp af bænum, nyrst á Björgunum, rís stór brattur klettur, nefndur Nípa (134). Þegar módir Sigriðar, Ástriður

Jónsdóttir, flutti að Selnesi, dreymir hana að til hennar kemur huldukona og segist eiga heima í Nípunni, en maður sinn búi úti í Ketubjörgum. Æskti hún eftir góðri sambúð milli þeirra grannkvennanna og sagðist skyldi verða Ástríði hliðholl. Ástríður var ljósmóðir yfir 40 ár í Skefilsstaðahreppi og farnaðist vel í starfi.

Undir Björgunum miðjum var uppsprettulind, nefnd Helgabrunnur (135). Oft var sótt vatn í hann á sumrum. Helgabrunn þraut stundum í miklum þurrkum.

Norður undir Selnesmerkjum kallast við sjóinn Hraf nabás (136). Munu þá sögð flest öll örnefni í Selneslandi. (Hér lýkur örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar.)

Bærinn Selnes 2008.

Selnes er nokkuð langt frá Skagavegi (137), vegna þess að leiðin liggur niður norðan við Skagasel (félagsheimilið), niður undir bæ á Hvalvesi, síðan alllanga leið til suðurs fram hjá Borgarlæk og Bergskála og suður undir Selvík. Vegurinn er allgóður, en er þó einbreiður malarvegur.

Íbúðarhúsið á Selnesi, ein hæð og ris, stendur kippkorn utan við Selvíkina (138) og niður frá því er Selnesið (139). Húsið sýnist nokkuð stórt og sést langt framan af Skagaveginum. Daniel Helgason og fjölskylda hafa keypt eignarhlut Björns Vigfússonar í húsinu og hafa framkvæmt á því endurbætur. Annað hús og minna stendur spölkorn norðar og við Fúluvík norðan við Selnesið. Það er sumarbústaður Björns Vigfússonar.

Skammt ofan við - vestan við íbúðarhúsið og veginn er klettaveggur, sem endar í klettahrauk allmiklum norðast. Smáhýsi er skammt norðan við íbúðarhúsið og hesthus er spöl austur frá húsinu. Nær lárétt land virðist vera austur frá íbúðarhúsinu, hugsanlega allgott túnstæði og viðáttumikið. Hluti þess hefur verið ræktað.

Lendingarstaðir á Skaga.

Skagfirðingabók nr. 13 geymir ritgerð eftir Tómas Tómasson á Hvalnesi, "Um fiskveiðar í Skefilsstaðahreppi 1842." Þar segir svo um lendingarstaði á inn-hluta Skaga:

— Skefilsstaðabás er vond lending innst á Skaga. Þá eru næst Fossvíkur tvær, Hvammkotsvík og Hólsbás, hver nálægt annarri, allar með flúðum og stórgryti, opnar fyrir öllum áttum nema vestri, boðar og sker fyrir framan.

Norðar er Selvík (140) sunnan undir Selnesinu (141). Þar góð lending, skjól af norðri og vestri, þar er sandbotn og grjót; þar er stórkipalega (142). Hafa þýskir komið þangað til forna til kaupverslunar og sjást enn búðatóftir (143) þeirra á landi.

Enn eru þrjár lendingar fyrir innan Ketubjörg, allar vondar, Hvalnessbás og Hvalbás hér á Hvalsnesi og þriðja á Kleif, sem er næsti bær við Ketubjörg.

Neðanmáls á sömu bls. hefur verið bætt við, varðandi Selvíkina: Pangar safnaði Kolbeinn ungi herskipum sínum um vorið, fyrir Flóabardaga, sem Sturlunga vottar. - Í Selvík er þó vont að bjarga skipi undan sjó. (Skagfirðingabók nr. 13, bls. 188)

Í ritgerð Tómasar koma einnig fram nokkur nöfn á fiskimiðum á Skagafjörðum.

Einn af bestu lendingarstöðum.

"Selvík (144) á Skaga var lengi talin einn af bestu lendingarstöðum við Skagafjörð frá náttúrunnar hendi.

Fyrst er Selvíkur getið sem hafnar í Sturlungu, þegar Kolbeinn ungi dró þar saman skip og lið fyrir Flóabardaga, sem háður var á austanverðum Húnaflóá á Jónsmessunótt árið 1244.

Selvik hefur lengst af verið einn helsti útræðisstaður Skagamanna til fiskveiða. Fyrir nokkrum árum létu Skagabændur gera þar sjóvarnargarð úr stórgryti og bryggju fyrir trillubáta til að athafna sig við, en þeir stunda þaðan grásleppuveiðar á vorin, og í smáum stíl fiskveiðar á

öðrum tímum árs, eftir því sem ástæður leyfa. Er þarna komið gott var fyrir bátana og hægt að láta þá liggja nokkuð örugga a.m.k. yfir sumartímann.

Með lögum nr. 54 26. nóv. 1903 var löggiltur verslunarstaður við Selvík.

Frá árinu 1927 og fram undir 1940 gekk flóabátur frá Akureyri austur um að Langanesi, og vestur um á hafnir í Skagafirði. Selvík var ein af áætlunarhöfnum flóabátsins og fór hann þangað nokkrar áætlunarferðir á ári og flutti vörur og farþega, og var að þessu veruleg samgöngubót.

Í Sögu Sauðárkróks , sem út kom í 3 bindum á árunum 1969 - 1973, segir söguritarinn , Kristmundur Bjarnason fræðimaður á Sjávarborg, frá því, að á Selvík hafi þótt einna best hafnarstkilyrði við vestanverðan Skagafjörð. Fjallar hann nokkuð um þá umræðu sem varð um hugsanlega höfn þar, og visast til þeirrar bókar, þar sem nánar er greint frá þessu.

(Skjalið, sem hér var farið eftir, er ódagsett, en merkt "Fornar hafnir" og einnig kemur þar fram nafn Gunnsteins Steinssonar, skrifað efst á skjalið.)

Slegin Borg og Steinkusel.

Borgin á gamla Selnesi er álagablettur (145). Það var afi sögumanns, Vilhjálmur Árnason, sem sló þarna einu sinni , og veturnn eftir missti hann því hesta í mógrafir inni á björgunum. Það var tengt saman.

Þýskaleiðið (146) er niðri á Selnesinu (147). Jón gamli Normann signdi alltaf þar yfir þegar hann átti leið fram hjá . Jón trúði því að sá þýski léti sig vita þegar reki kom í Fúluvíkina eða annað markvert. Taldi Jón , að haugbúinn væri sér hollur og varaði við óhöppum.

Gunnar Eggertsson byggðou upp á Selnesi og færði bæinn suður undir Selvíkina og nefndi hann Grund (148). Þar er bærinn núna. Jón Jónsson og Anna Jónasdóttir foreldrar Jóns á Höli (svo í heimildinni) áttu heima nokkru neðar, þar sem múrpípa stendur enn uppi (1997). Síðan fluttu þau út í Lágmúla.

Steinkusel (149) er í Selneslandi, næstum á móti Mönguseli, sem er sunnan við ána í landi Selár. Steinkusel er nánast norð-norðaustur frá Búrfellinu. Rústir eru í tvennu lagi og virðist vera um tvö sel að ræða, e.t.v. frá mismunandi tíma. Selið er fáa metra ofan við myri sem liggur meðfram Selánni. Staðs. samkv. Byggðasögu Skagafjarðar $65^{\circ} 57' 85 / 19^{\circ} 59' 42$. Frá selrústunum sést efri hluti Drangeyjar og á Selárnípuna í aust-suðaustur.

(Skjalið sem hér var haft til hliðsjónar er dags. 18 - 19 ágúst 1997 og merkt Bjarna Egilssyni á Hvalnesi, en líklega skrifað af Hj.P. fyrir útg. Byggðasögu .)

Nokkur aukanöfn .

Á gönguleiðakorti af Skaganum er nafnið Selárrétt (150). Réttarinnar er getið í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar, sbr. hér á undan, en þar er réttin nafnlaus. Þetta er samkv. heimildinni skilarétt úr timbri, byggð 1973. Forverar hennar voru Bakkarétt við ósa Laxár, og Kleifarrétt.

Byggðasaga nefnir réttina Selnesrétt (151), en hún er reyndar í landi Selness, suður við Selána og skammt vestan við Skagaveginn .

Munnumzæli herma að Selnes eigandi , Jón Normann, hafi látið lóð undir réttina með því skilyrði að réttin væri kennd við bæinn og nefnd Selnesrétt , en nú kalla hana flestir Selárrétt.

Skilaréttin skoðuð.

Selnesrétt (152) er skammt utan við Gömlu-Selárbrúna og út og yfir frá bænum Selá.

Gamla Selárbrú (153) er há, steinsteypt bogabréu og enþá (2008) bílfaer nema hvað handrið vantart. Staðs. $65^{\circ} 57' 792 / 19^{\circ} 57' 043$, skekkja 9 . Vegurinn (gamli) beygir til norðausturs utan við brúna.

Þar rétt norðar er Selnesrétt, sem er að mestu úr timbri og vírneti. Þetta er nokkuð stór fjárrétt, almenningurinn ca 15 x 20 metrar og 20 dílkar í kring, innrekstrargangur með steyptum veggjum

og til hliðar við hann er mjór gangur, líklega fyrir fólkio. Í innrekstrarganginum er tökubás f. hross (?) , smiðaður úr járnþípum . Girðingarhólf fyrir safnið er austan við réttina. Staðs. réttar er $65^{\circ} 57' 842 / 19^{\circ} 57' 150$, skekkja 7, (hæð ca. 52). Spöl sunnan við réttina er græn skúrbýgging, sem kvenfélög hreppsins lét byggja. Skammt norðan við er ás, sem veitir einhvert skjól

Norðan við réttina er allstórt girðingarhólf tilheyrandi réttinni og nær það út að Álfstavatni.

Álfstavatn (154) er spölkorn norðan við réttina og rétt vestan við Skagaveginn (155). Tjarnir eru austan við veginn.

Mannvirkjaleifar á Selnesinu.

Stuttan spöl austur frá íbúðarhúsini á Selnesi er lítill hóll. Hann er síðari tíma verk manna, var ýtt upp með jarðýtu er grafin var gryfja þar sunnan við. Bær á þessum stað, þ.e. stað íbúðarhússins, var upphaflega Grund (156), en það nafn festist ekki við hann til lengdar.

Fyr nefnt hesthús lengra austur frá íbúðarhúsini, var upphaflega Fjárhús (157) Jóns Normanns , en suðurhluta þeirra hefur verið breytt í hesthús. Af norðurhlutanum standa torfveggir að hluta, en að miklu leiti eru húsin hrúnin. Stærð alls er u.p.b. 13 x 16 metrar og staðs. $65^{\circ} 58' 227 / 19^{\circ} 55' 666$, skekkja 8, (hæð ca. 18 m.).

Spöl austur frá hesthúsini er tóft af litlu garðahúsi , 5 x 7 m. + heytóft austan við. Staðs. $65^{\circ} 58' 217 / 19^{\circ} 55' 560$, skekkja 7. Skammt sunnan við er tún.

Spöl suður frá hesthúsini, í túninu, eru ógreinilegar mannvirkjaleifar. Þar í eru nokkur brot úr steinsteyptum skorsteini og virðist neðsti hluti hans, ca. ½ metri, standa á sínum stað. Staðs. $65^{\circ} 58' 193 / 19^{\circ} 55' 655$, skekkja 9 .

Suður undir Selvíkinni (158) er steinsteypt gólf undan húsi sem fauk. Vegur er rétt sunnan við húsgrunninn, sem er ca. 4,5 x 5 metrar. Húsið hefur verið timburhús með járnþaki, ef marka má brak sem liggur þarna norðvestan við. Staðs. $65^{\circ} 58' 165 / 19^{\circ} 55' 651$, skekkja 9, (hæð ca. 18 m.) Líklega var þetta hús Gránufélagsins.

Spöl vestan við steypta gólfíð er djúp hola eins og eftir kjallara. Mun það vera það sem í Byggðasögu er nefnt minjar um sögunargryfju (159) sem notuð var við að fletta rekaviðartrjám.

Selvíkurhöfn (160) er mikið mannvirki (sjá mynd í Byggðasögu Skagafjarðar I. bls. 100). Þar voru nú (19. júlí 2008) tveir vélbátar og krani til að hifa upp afla. Staðsetning á hæðarbrúninni austan við höfnina, $65^{\circ} 58' 100 / 19^{\circ} 55' 464$, skekkja 10. Þar norðaustur í móum er stór steinn, ca 1 metra upp úr jörð. Annars sést litið gjót á Selnesinu (161), nema austast .

Suður undan steininum , á blábrún sjávarbakkans, er græn þúfa og sést þar í gjót. Staðs. $65^{\circ} 58' 056 / 19^{\circ} 55' 311$, skekkja 6, (hæð ca. 17 m.)

Við suðausturhorn Selnessins er landfast sker, líkt og bryggja fram í sjóinn. Þar hjá er lágor grjótgarður á brúninni ca. 30 metra langur, en hann hefur verið lengti og hafið brotið af bakknum. U.p.b. 5 metrum ofan við grjótgarðinn er tóftarleif, hefur líklega verið Verbúð (162), ca. 5 x 5 m. að stærð, staðs. $65^{\circ} 58' 078 / 19^{\circ} 55' 143$, skekkja 6, (hæð ca. 12 m.). Þetta er í svonefndu Hvarfi (163), þar sem land er lægra yfir sjó.

Á klöppum við sjóinn spölkorn norðar er mannhæðarhátt steintröll , sem brimið hefur skapað.

Austast á Selnesinu, sunnan í svonefndum Fornubúðaklöppum (164), sem ganga í sjó fram, er far eftir matjurtagarð (165), u.p.b. 10 x 13 m. innan garða, á stað $65^{\circ} 58' 110 / 19^{\circ} 55' 196$, skekkja 9, (hæð ca. 16 m.) Annar slíkur rammi og líklega fyrrum matjurtagarður, er spöl vestar og sunnan undir klöppunum, ca. 8 x 8 m. að stærð. Þar fast vestan við eru a.m.k. tvær samliggjandi tóftir, samtals ca. 5 x 6 m. að utanmáli, staðs. $65^{\circ} 58' 087 / 19^{\circ} 55' 274$, skekkja 6. Ætla verður að þetta séu þessar svonefndu Fornubúðatættur (166) eða hluti þeirra.

Austur undir sjó, á klappabrun ofan við steinkarlinn, er stór gróin þúfa, aflöng, ca. 6 x 3 m. á stað $65^{\circ} 58' 136 / 19^{\circ} 55' 181$, skekkja 16, (hæð ca. 8 m.) Þetta mun vera svonefnt Þýskaleiði (167) og er góð mynd af því í Byggðasögu Skagafjarðar I. bls. 102.

Alllangt norðar á nesinu er Höfði (168) og þar hjá er tangi fram í sjóinn.

Í Selvíkinni norðvestur af höfninni gengur tiltölulrga næfurþunn brík frá bakkanum fram í sjó, varla 1 metri á þykkt efst og virðisr lítt eða ekki þykkna niður. Minnir á griðarstórt skipsstefni sunnan frá séð. Berggangur ?

Norðan við selnesið er önnur vík , sem heitir Fúlavík (169) og upp af henni stóð Gamli bærinn (170) og tilheyrandi byggingar. Þar er nú nýlega komið sumarhús (171) sem Björn Vigfusson á.

Efst eru leifar fjárhúsa, á stað $65^{\circ} 58' 537 / 19^{\circ} 56' 015$, skekkja 11, (hæð ca. 22 m.) . Hlaða hefur verið vestan við fjárhúsin, veggir standa að nokkru, tóft er við suðurenda hlöðunnar.

Túngarður (172) frá húsunum til norðausturs og einnig til suðurs og sést hann drjúgan spöl .

Ca. 15 metrum sunnan við fjárhúsaleifarnar er ein frekar djúp tóft en lítil, hugsanlega af hesthúsi.

Gamli bærinn stóð skammt suðvestur frá sumarhúsinu. Þar eru talsverðar rústir á stað $65^{\circ} 58' 530 / 19^{\circ} 55' 897$, skekkja 12, (hæð ca. 16 m.). Það virðist vera gata gegnum rústirnar, enda voru bæirnir tveir og tvibýli á Selnesi. Spölkorn suður af bæjaleifum eru rústir fjárhúss. Þar hefur verið garðahús og heytóft eða hlaða sunnan við endann. Staðs. $65^{\circ} 58' 491 / 19^{\circ} 55' 941$, skekkja 7. Garðalengd 7 metrar.

Meira af vettvangi .

Nípa (173), hraunklakkur, er spöl utan og ofan við íbúðarhúsið. Fast neðan við hana sést fyrir gömlum vegi. Utar liggar gamall heimvegur til vesturs og hann er bílfær enþá (2008). Norður frá Nípuuni eru nokkur hraunhorn í röð, en góð bil á milli. Ofan við þá brekku eru jafnlend holt en nokkuð grýtt .

Skammt undan landi við norðurmörk landareignar Selnes eru þrjú sker, Borgarlækjarhestar (174), hið minnsta syðst og við það eru landamerkin miðuð. Girðing er á eða nálægt landamerkjunum, sbr. landamerkjaskrá.

Frá heimildarmönnum .

Út undan eyðibýlinu Akri og við Selárgilið er Arnarklettur (175) og hvammur þar austan við er Klifhvammur (176). Slægjuhvammur (177) er vestan við Selnesréttina. Grafdalur (178) er norðan við ásinn norðan við réttina. Hornbrekka (179) er vestar.

Fyrnefndu Sumarhúsi (180) hafa eigendurnir gefið nafnið Grund (181).

Álfakirkja (182) nefnist klettur er stendur fram úr björgunum upp undan íbúðarhúsinu, þar sem sneiðingurinn endar. Helgabrunnur (183) heitir lítil uppsprettu suður með björgunum. Það átti að vera helg lind, eða Jón Normann taldi svo vera.

Tófugreni (184) er utan við Sneiðing (185) og ca. 15 m. neðan við núverandi bílveg að Selnesi. Aðal-munni grenisins horfir móti suðvestri. Grenið er sunnan í klettaborg.

Austan við Álfavatnsás, ekki langt austan við Skagaveginn er mýrasvæði sem kallað hefur verið Borgarlækjarengi (186) Um það bil fer Brókarlækur (187) frá Álfavatni til austurs og síðan norðaustur eftir Borgarlækjardal (188). Dalverpið upphefst í landi Selness neðan við mýrasvæðið. Nálægt landamerkjunum , í Borgarlækjardalnum, steypist lækurinn ofan í jarðfall og hverfur undir yfirborð jarðar á kafla. Suður af Borgarlækjarengi er Einbúi (189), stakt holt eða smáhóll. Þar voru mógrafir (190) nálægt og í þeim fórust hross.

Á landamerkjunum að norðan er girðing upp að Selnesvegi og spöl ofan við - vestan við brúnina , Efri-Björg ?, stendur öflugur rekaviðarstaur, sver eins og símastaur en ekki eins hárr. Sá staur er aðeins sunnan við landamerkin (að sögn B.V.), en núverandi girðing er þar norðar.

Vestan við Borgarlækjardal eru tvær tjarnir og er talið að landamerkjálnan fari yfir syðri tjörnina

. Svo átti að standa einn girðingarstaur á steini skammt norðan við Álfavatnið, en sá staur er fallinn en steinninn væntanlega kyrr. Svo eiga merkin að miðast við stein sunnan í - eða syðst á Reiðholti .

Litið á leifar selja.

Steinkusel (191) er skammt utan við Selá, þar sem í henni er allbreið lygna, og rétt austan við flóa þann, er heimildarmaður nefnir Steinsengi (192) og sem nær að Svartabakka. Þetta er há rúst, sem byggð hefur verið við stóran stein, líklega selkofar í 2-3 hólfum, um 6 x 7 m. að utanmáli. Staðs. $65^{\circ} 57' 856 / 19^{\circ} 59' 410$, skekkja 6, (hæð ca. 95 m.). Um 10 m. norðaustar er lítil tóft með dyr að sunnan, u.p.b. 3 x 4 m. að utanmáli, hugsanlega kviár, en litlar hafa þær verið. Tjamir eru í flóanum, en ekki stórar. Og þar norðan við drag, eru einhverjur rindar á stað $65^{\circ} 57' 901 / 19^{\circ} 59' 670$, skekkja 5. Minnir nokkuð á kviár en staðsetning er ósennileg.

Norðan og norðaustan við selið er melholt, nokkuð viðáttumikið.

Selnessel (193), nefnt svo í Byggðasögu, en í örnefnaskrá M.J. er það nefnt Fornar selrústir sem hafa ekkert sérstakt nafn. Í Byggðasögu segir að þetta séu tvö sel nær saman og svo virðist vera. Syðri og austari selrústin er óglöggar tóftaleifar suðvestan í melholti, en vallendisrönd vestan við og svo myri. Staðs. $65^{\circ} 58' 028 / 19^{\circ} 58' 882$, skekkja 6 (hæð um 80 m.). Þessar mannvirkjaleifar eru fornar og lynggrónar. Um 10 metrum norðar eru kviátóft og kofatóft hjá.

Vestari selstóftirnar eru um 70 metrum frá hinum og niður við myrarjaðarinn. Austast eru tvær kofatóftir, alls um 5 x 6 metrar að utanmáli. Rétt þar hjá eru langar kviár, eða hafa verið, um 3-4 x 12 metrar að stærð, staðs. $65^{\circ} 58' 050 / 19^{\circ} 58' 958$, skekkja 5. U.p.b. fimm metrum vestar koma þrjár kofatóftir í röð, alls um 4 x 9 m. að stærð. Stutt er í vatn. Allar þessar minjar virðast vera mjög fornar.

Spölkorn vestur eða norðvestur frá síðast nefndum mannvirkjaleifum eru leifar fjárhúsa, sem mjög líklega hafa verið Beitarhús (194) frá Selnesi. Leifar húsanna eru eiginlega úti í myri, en lækur sem rennur framhjá hefur líklega haldið húsgrunninum nokkurn veginn þurrum. Þarna hafa verið tvö hús, líklega garðahús, og styttri kró til hliðar. Stærð um 8 x 11 metrar miðað við utanmál. Staðs. $65^{\circ} 58' 086 / 19^{\circ} 59' 060$, skekkja 6, (hæð ca. 84 m.). Allstór flói, Hjallaflói (195), er norðan, vestan og sunnan við. Norðvestan við flóann eru hæðir, líklega svonefndir Hjallar (196).

Vestan við Álfavatn (197) eru melar eða ás sunnan til og í gegnum þær hæðir er djúp skora sem nefnist Utangægia (198), dýpst austast, og nær vestur að hvammi við Selá, sem er fremur stutt leið. Vestan við melana er myrarsund, norður frá bugðu Selár. Vestur frá vatninu norðast eru myrar allmiklar, Kýrlækjarflói (199), og vestan við þær og sunnan er lágor og breiður ás, að mestu vaxinn lyng- og hríssgróðri og nokkuð grýttur.

Í slakka á melunum vestan við Álfavatnið og utan við dragið Utangæju, virðist vera lynggróin tóft, um 4 x 6 m. að stærð, staðs. $65^{\circ} 58' 130 / 19^{\circ} 57' 740$, skekkja 7, (hæð ca. 66 m.). Sunnarlega vestan við vatnið og sunnan við Utangæju, en austan á melunum eru 3 - 4 grænir smáhólar í röð, þó með nokkru millibili. Á þeim, a.m.k. tveim, virðast vera fornar tóftir, hringlaga og sporöskjulaga, ein um 4 m. í þvermál. Staðs. $65^{\circ} 58' 089 / 19^{\circ} 57' 525$, skekkja 17. Heimildarmaður segir að þarna muni vera móhlaðastæði (200) eða móbyrgi og að mikil hafi verið tekið upp af mó þarna í myri næst vatninu að vestan.

Í Selánni (201) út og vestur frá bænum Selá, er gil að ánni á fremur stuttum kafla og þar eru nokkrir lágor fossar. Áberandi eru stórir steinar á melum þar norðan við.

Frá Byggðasögu Skagafjarðar.

Selnesrétt (202). Skilarétt (203) Skagamanna var byggð sumarið 1973 í Selneshvömmum (204) sunnan við holtið Einbúa (205). Hún er gerð úr timbri og leysti af hólmi tvennar torfréttir, Kleifarrétt og Bakkarétt, sem báðar voru þá aflagðar. Kostnaður við byggingu Selnesréttar var alls kr. 512.118,50.

Samtíningur.

Grettistak (206) kallast steinn einn í Selvik á Skaga, stendur á kletti , hnöttóttur að kalla, er ummáls $7\frac{1}{2}$ al : á hæð $2\frac{1}{2}$ al : (Frásögur um Fornaldarleifar 1817 - 1823.)

Hvammabréir (207) nefnast brúnirnar ofan (norðan) við Selneshvammanna (208) og liggur Skagavegur um hvammana og upp á Hvammabréinirnar stuttu austan við réttina.

Gaml vegurinn (209) liggur niður frá Hvammabrénum sunnarlega í landi Selness, þar sem er vegskilti , og niður Snejöinginn. Siðan lá hann til norðurs út undir bæinn Kleif og þar upp á Kleifarkamba.

Hús það við Selvikurbakka , sem Jón G. Jónsson og Anna Jónasdóttir áttu og hér á undan er nefnt Purrabúð (210), var einnig kallað Önnukofi (211). Sagt er að það hafi staðið u.p.b. miðja vegu milli Fjárhúsa og bakkans norðan við höfnina.

Með landamerkjum að norðan.

Frá endapunkti landamerkjá að sunnan, sunnan við syðsta Borgarlækjarhest (212) liggur nú girðing er nær liklega upp að veginum að Selnesi, Selnesvegi. Girðingin liggur til norðvesturs og stefnir á litla vörðu á steini uppi á brúninni vestan við veginn. Smáspöl suðvestur frá nefndri smávörðu stendur einn öflugur tréstaur, sver eins og símastaur, en þó ekki af þeim ættbálki. Hann stendur þarna stakur og hlutverk hans átti að vera girðingar-hornstaur, en sú girðing komst ekki í framkvæmd nema þessi staur. Girðing er þarna spöl norðar og liggur til vesturs og siðan suðvesturs, en hún fylgir ekki réttum landamerkjum.

Spölkorn vestan við nefndan staur er Borgarlækjardalur (213) og stefnir þar mikil í norðaustur. Eftir honum kemur Brókarlækur (214) og skammt sunnan við nefnda girðingu steypist hann ofan í jarðfall þar í dalbotninum og hverfur undir jörð og sést ekki um skeið. Dalurinn upphefst í framhaldi af myrasundum, sem heimildarmaður nefnir Borgarlækjarengi (215). Þendir það eindregið til að Borgarlækjarbændur hafi fengið að heyja þar í landi Selness. Á hæðinni vestan við dalinn, grýtu melholti, eru gríðarlega stórir steinar, sérstaklega einn, en vörðu sá skrásetjari ekki .

Norðan nefndrar girðingar og spölkorn austan við veginn er myrasvæði og þar sést merki um jarðsíma (símalinu í jörð). Þar nálaðt er tjörn. Sagt er að merkjalínan liggi þarna yfir syðri tjörnina, og samkvæmt því eru tjarnirnar tvær.

Vestan Skagavegar (216), fast við norðurenda Álfavatns stendur stakur staur í þúfu, á stað ; $65^{\circ} 58' 426 / 19^{\circ} 57' 116$, skekkja 7. Óljóst er hvaða hlutverki staurinn þjónar, en heimildarmaður telur að merkjestaur eigi að vera í þúfu á steini ofurlítið norðar og vestar í Kýrlækjarflóanum (217). Sá staur mun vera fallinn, en steinninn er væntanlega kyr.

Í Landamerkjaskrám er ekki minnst á Álfavatn. Í örnefnaskrá M.J. fyrir Selnes segir: Álfavatn nær næstum út að merkjum. En í viðbótar- örnefnaskrá G.M. f. Selnes segir : Árni telur að Álfavatn nái út í land Borgarlækjar.

Kýrlækurinn (218), sem hvergi er nefndur í fyrirliggjandi heimildum, kemur vestan flóann og rennur í vatnið. Hann liðast þarna hægt og hljótt í örgrunnum farvegi . Sunnan við lækinn er lágt stórgrýtt holt og einn stærsti steinn þar er á stað, $65^{\circ} 58' 269 / 19^{\circ} 57' 628$, skekkja 5. En á mun hærri hæð, grýttum með skammt norðan við lækinn er mest áberandi steinn séð austan frá, á stað, $65^{\circ} 58' 384 / 19^{\circ} 57' 696$, skekkja 5. Þetta mun vera Kýrlækjarhóll (219). Sé það rétt að landamerkin séu um Stein á þessum hól, þá eru Kýrlækur og Kýrlækjarflói að mestu í landi Selness. Drög eru norðan við hólinn og má segja að mýrar séu allt í kringum hann.

Skrásetjari er ekki viss um hvar Reiðholt (220) er, en á melholti austan við norðurenda Hjallaflóa (221) sjást götutroðningar. Á Reiðholtinu á að vera steinn sem landamerkjalinan liggur um, og er sagt að hann sé syðst á holtinu. Í flóanum vestur undir jaðri, stendur lítil melhóll upp úr og mótar vel fyrir garðlagi allt í kringum hann. Hugsanlega er þetta Heygarður (222) sá , sem landamerkin eru miðuð við, þótt engar mannvirkjaleifar sjáist aðrar en garðlagið. Staðs. $65^{\circ} 58' 205 / 19^{\circ} 59' 156$, skekkja 5, (hæð ca. 86 m.). Búrfell blasir við í suðri.

Meira frá heimildarmönnum.

Gamli vegurinn, Selvíkurvegur (223) liggur frá Skagavegi (224) nálægt Selnesrétt, þar sem enn er vegarmerki, niður yfir Björgin (225), niður Sneiðinginn (226) og að Selvskinni (227). Hann lá einnig út hjá Borgarlæk og áfran, en óljóst hvað hann hafði þetta nafn langt úteftir.

Roksléttu (228) er í túninu og liggur norður - suður. Hún er drjúgan spöl suðaustur frá íbúðarhúsi á Selnesi og syðst í túninu. Við norðausturjaðar hennar er lítt hóll, sem Kríuhóll (229) er kallaður, af því kríur eru þar oftast.

Örstuttu norðan við íbúðarhúsið og ívið vestar stóð eldri bær, líklega sá er skírður var Grund (230). Rétt norðan við hann var Fjós (231) og Hrútakofi (232) ásamt hlöðu. Þar fast norðan við og lengra til austurs var tún, er heitir Fjóssléttu (233). Í norðausturhorni sléttunnar var og er Brunnur (234), sem nú er að nokkru leiti búið að fylla ofan í. Norðan við brunninn heitir Nýrækt (235).

Næst austan við íbúðarhúsið og stæði eldri bæjar er svonefnt Heimatún (236), og það nær austur að óslétttri rönd og við suðurenda randarinnar er litli hóllinn, sem fyrr er nefndur og ýtt var upp fyrir skömmu. Spöl þar suðaustar er fyrnefnd tóftaleif með brotnum Skorsteini (237).

Eigendaskipti árið 1973.

Endurrit frá Skrifstofu Skagafjarðarsýslu dagsett 9. 06. 1975, af afsali Jóns N. Jónassonar, dags. Selnesi og Reykjavík 12. júní 1973, sýnir, að Jón Normann gefur fóstursyni sínum Daniel B. Helgasyni og góðvini Daniels, Birni Vigfússyni, það sem Jón átti í jörðinni Selnesi ásamt öllum gögnum og hlunnindum því tilheyrandi. Jarðarhlutur sá er hér um ræðir var 6/7 lands og hlunninda. Gjöfinni fylgdi íbúðarhúsið, sem Jón átti einn, geymsluskúr á Selvikurbakka ásamt byggingarefni í nýjan skúr eða fjárhús, allar búvelar, verkfæri, áhöld og smiðatól, bátur og veiðarfæri, eldhúsáhöld og önnur búslóð, fjárbú ásamt fjármarki, bókasafn og dagbækur og landakort.

Meðal skilyrða var ; að bókasafninu verði ekki tvístrað eða því fargað, heldur ánaftni þeir Bókasafni Skagafjarðar það óskipt eftir sinn dag. Einnig ; að gefandinn fái að eiga heimili á Selnesi til æviloka og hafi frítt húsnæði í bókastofunni , ljós, hita og aðstöðu til ritstarfa. Og loks ; “Að þeir félagar sjái um sæmilega útför mína að sið kristinna manna.”

Hafnargerð í Selvík .

Blaðið Feykir, 6. maí 1987, greinir svo frá að þá - undanfarnar vikur hafi miklar framkvæmdir verið í gangi við hafnargerð í Selvík (238) á Skaga. Nokkrir bændur á Skaganum höfðu ráðist þar í kostnaðarsama framkvæmd og verktaki var Króksverk. Tilgangur með þessum framkvæmdum var að tryggja betur búsetu og afkomu fólks í hreppnum .

Í fréttinni kemur fram að með lögum frá Alþingi 1903 var Selvík löggilt sem verslunarstaður við Skagafjörð. Og að fljótlega eftir það var komið upp aðstöðu til uppskipunar á vörum. “Þessi mannvirki voru fyrst og fremst brautarteinar (239) neðan úr fjörumni og upp á bakkann og dráttarspil uppi á bakkanum.”

Sama blað (Feykir) birti 2. mars árið 1994 frétt um hafnarframkvæmdir í Selvík. Þá var unnið að gerð grjótgarðs, sem lokaði höfninni fyrir hafróti úr suðvestan átt. “Nýi garðurinn mun mynda ásamt aðalskjólgarðinum, sem byggður var fyrir sjó árum, mjög gott lægi fyrir trillur Skagabænda, að mati Þorleifs Ingólfssonar á Þorbjargarstöðum. Það er Selvikurfélagið (240), sameignarfélag útvegsbænda á Skaganum , sem stendur fyrir þessari framkvæmd eins og þeiri fyrri.” Nýi grjótgarðurinn var 50 - 60 m. langur og hátt í eins langur og fyrri garðurinn. Einnig kemur fram í fréttinni að búið var að borga upp fyrri framkvæmdir á staðnum. Og að í Selvikurfélinu voru i upphafi 11 aðilar, en af þeim voru nú þrír fluttir burtu.

(Heimildir : Blaðið Feykir, 11. tbl. 7. árg. og 9. tbl. 14. árgangs.)

Kolbeinn ungi í Selvík.

Þórðar saga kakala greinir svo frá : ---- Nú er að segja frá Kolbeini. Þegar er voraði dró hann saman öll stórskip í Norðlendingafjórðungi. Þessi skip létt hann öll verða saman dregin til Skagafjarðar og bjóst hann í höfn þeirri er Selvík heitir.

Sá athurður varð þá er þeir bjuggust Eysfirðingar undir Hrifseyju áður en þeir héldu norðan til Skagafjarðar skipunum, að þá er þeir gengu á milli skipanna steypist einn maður á kaf svo að hann kom aldrei upp síðan. Sá hét Jón og þótti mönnum þetta ill furða.

En er skip þessi öll voru búin og komin til Skagafjarðar þá var og komið lið allt norðan um Öxnadalsheiði, það sem von var. Skipti Kolbeinn þá flokkunum í two staði. Setti hann þá Brand Kolbeinsson höfðingja fyrir annan flokkinn. Skyldi hann fara með sitt lið landveg vestur til fjarða. Hafði hann tvö hundruð manna. -----

---- Pað var á Jónsmessudag sjálfsan (24. júní) að Kolbeinn sigldi út fyrir Skaga og svo vestur á Flóa. Hafði hann þá tuttugu skip og nær ellefu tigum hins fjórða hundraðs manna.

Úr Skagfirzkum annál 1847 - 1947.

Ár 1875 . Sigurður Víglundsson á Selnesi skipaður hreppstjóri í Skefilsstaðahreppi.
 Ár 1877. Sýslunefndi samp. að Sigurður Víglundsson hreppstjóri á Selnesi " yrði með læknisráði settur til bráðabirða" til að gegna ljósmóðurstörfum í Skefilsstaðahreppi .
 Ár 1879. 8. nóv. Tveir bátar fórust með 11 mönnum. Annar þeirra hét Hafrenningur og formaður á honum var Sigurður Víglundsson, kvæntur húsmáður, 48 ára, um skeið hreppstjóri Skeflunga. Hann var Þistilfirðingur að ætt og uppruna."listfengur maður og góður hagyrðingur." Með honum drukknuðu fjórir menn, þeirra á meðal var Sigurður Ólafsson bóndi á Selnesi .

Ár 1885, 28. jan. : Sýslunefnd sékk sérfróðanmann til að athuga Selvíkurhöfn (241), "þar eð almennt sé áltið, að téð vik sé ef til vill tryggasta skipalega og besta lending umhverfis Skagafjörð og því him tiltækilegasta höfn til útflutnings lífandi fjár á haustum ".

Ár 1891, um veturni : 30 - 40 álna hval rak á Selnesi á Skaga .

Ár 1900, 6. mars : Sýslunefnd bar fram óskir um, að sú breyting yrði gerð á ferðum strandferðaskipsins, sem var í ferðum milli Reykjavíkur og Akureyrar, a) að skipið kæmi "við á Selnesi í 1., 2. og 3. ferð sinni, báðar leiðir" -----.

Ár 1906, um sumarið : Stórt gususkip kom með saltfarm til Selvíkur (242). Þar var mikil fiskmóttaka .

Ár 1907 : Þrír braður frá Bolungavík komu með litla vélbáta til Sauðárkróks. Þá var aflalaust, svo að þeir héldu út á Selvíkurbakka (243) og gerðu út þaðan, höfðust við í timburskúr, sem Chr. Popp átti þar. Þeir sóttu á haf út og ófluðu vel.

Ár 1913 : Samgöngur á sjó færast í mun betra horf en áður var. Nú voru viðkomustaðir strandferðabátsins Jörundar, sem hafði áætlunarferðir milli Hvammstanga og Seyðisfjarðar , einir fimm við Skagafjörð. Þeir voru: Haganesvík, Hofsós, Kolkuós, Sauðárkrókur og Selvík á Skaga . Þó var ekki komið við á öllum þessum stöðum í hverri ferð.

Ár 1944, um vorið: Gert við dráttarbraut (244) á Selvíkurbakka (245).

(Skagfirzkur annáll 1847 -1947)

Stafrófsröð örnefna og annarra nafna.

- Arnarklettur 47, 95, 175
- Álagablettur 145
- Álfakirkja 182
- Álftavatn 55, 103, 154, 197
- Álftavatnsás 87, 106
- Álftavatnsholt 59, 107
- Beitarhús 194
- Bjargamýri 63, 111
- Björg (Björgin) 64, 92, 225
- Björg-Efri 93
- Björg-Neðri 94
- Borgarlækjardalur 188, 213
- Borgarlækjarengi 186, 215
- Borgarlækjarhestur 16, 174, 212
- Brautarteinar 239
- Bríkin 118
- Brókarlækur 57, 105, 187, 214
- Brunnur 12, 234
- Búðatóftir 143
- Classensskúr 121
- Dráttarbraut 244
- Efri-Björg 93
- Einbúasund 61, 110
- Einbúi 60, 109, 189, 205
- Fiskhús 15
- Fisktökustaður 2
- Fiskverkun 42
- Fjárhús 157
- Fjós 231
- Fjóssléttu 233
- Flórhus 86
- Fornubúðaklappir 126, 164
- Fornubúðatættur 127, 166
- Fúlavík 11, 68, 116
- Fúlvík 117, 169
- Gamla- Selárbrú 153
- Gambilær 71, 81, 130, 170
- Gaml vegur 209
- Girðingar 8
- Grafdalur 178
- Gránuſélagsskúr 122
- Grettistak 119, 206
- Grund 131, 148, 156, 330
- Grund (sumarhús) 181
- Heiði 75
- Heimatún 236
- Heimræði 5
- Helgabrunnur 135, 183
- Heygarður 222
- Hjallaflói 22, 32, 195, 221
- Hjallar 196
- Hjallur 85
- Hornbrekka 49, 97, 179
- Hrafnabás 73, 136
- Hrísholt 53, 101
- Hrútakofi 232
- Hvammabréðir 207
- Hvarf 69, 125, 163
- Höfði 83, 124, 168
- Kirkjuvegur 4
- Klif 46, 90
- Klifgata 45, 91
- Klifhvammur 44, 89, 176
- Kringlumýri 62
- Kríuhóll 229
- Krókar 50, 98
- Kýrlækjarflói 54, 102, 199, 217
- Kýrlækjarholt 56, 104
- Kýrlækjárhóll 24, 30, 219
- Kýrlækur 218
- Lending 6
- Lendingarstaður 38
- Matjurtagarður 165
- Miðaftanshæð 72, 132
- Mógrafir 190
- Móhlaðastæði 200
- Móholtstagi 21, 33
- Múisasund 82, 120
- Naust 70, 80
- Neðri-Björg 94
- Nípa 134, 173
- Nýrækt 235
- Reiðholt 23, 31, 220
- Roksléttu 228
- Selá 18, 35, 43, 88, 201
- Selárbrú- Gamla 153
- Selárós 17
- Selárrétt 150
- Selmór 51, 99
- Selnes 78, 114, 139, 141, 147, 161
- Selnesbjörg 65, 112
- Selnesbær (forni) 9
- Selneshvammar 48, 96, 204, 208
- Selnesrétt 151, 152, 202
- Selnessel 193
- Selsnes 74
- Selnessnes 10, 66, 77, 113
- Selrustir 76
- Seltóftir 20, 36
- Selvik 1, 37, 67, 115, 123, 138, 140, 144, 158, 227, 238, 242
- Selvíkurbakki 243, 245
- Selvíkurfélag 240

- Selvíkurhöfn 160, 241
Selvíkurgur 223
Skagavegur 137, 155, 216, 224
Skilarétt 203
Skipsuppsáttur 7
Skorsteinn 237
Slægjuhvammur 177
Sneiðingar 84, 133, 185, 226
Steinkusel 149, 191
Steinsengi 52, 100, 192
Stórkskipalega 142
Sumarhús 171, 180
Sund 58, 108
Svartabakkahylur 19, 34
Sögunargryfja 159
- Tjarnarholt 26, 29
Tófugreni 184
Túngarður 172
Uppsátur 13
Utangægja 198
Varða 25, 27, 28
Verbúðir 39, 162
Verslun 41
Verslunarstaður 3
Þjóðverjaleiði 79
Þurrabúð 14, 210
Þýskaleiði 40, 128, 146, 167
Þýskavör 129
Önnukofi 211

Kafla- fyrirsagnir.

	bls. 1
Heimildir og heimildarmenn	---
Eignin Selnes á Skaga	1
Nokkrir síðari ábúendur	2
Jörðinni Selnesi lýst árið 1709	2
Stólsjörðin seld árið 1802	3
Úr sóknalýsingum 1839	3
Jörðinni lýst árið 1849	3
Jarðarmat frá um 1930	3
Skýrsla Fasteignamatsnefndar 1963	4
Úr Fasteignaskrá 2001	5
Útlínur landareignar Selness	5
Eyðijörð astur í byggð	5
Úr landamerkjaskrá Borgarlækjar	5
Saga og sérkenni	6
Fyrri örnefnaskrár	6
Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar	6
Viðaukar Margeirs Jónssonar	7
Viðbótarskrá Gísla Magnússonar	8
Örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar	8
Bærinn Selnes 2008	11
Lendingarstaðir á Skaga	11
Einn af bestu lendingarstöðum	11
Slegin Borg og Steinkusel	12
Nokkur aukanöfn	12
Skilaréttin skoðuð	12
Mannvirkjaleifar á Selnesinu	13
Meira af vettvangi	14
Frá heimildarmönnum	14
Litið á leifar selja	15
Frá Byggðasögu Skagafjarðar	15
Samtíningur	16
Með landamerkjum að norðan	16
Meira frá heimildarmönnum	17
Eigendaskipti árið 1973	17
Hafnargerð í Selvík	17
Kolbeinn ungi í Selvík	18
Úr Skagfirzkum annál 1847 - 1947	18
Stafrófsröð örnefna og annarra nafna	19
Kafla- fyrirsagnir	21.